

**Mál nr. 121/2013****M****og****Vátryggingafélag v/fjölskyldutryggingar (ábyrgðartryggingar) A****Skemmdir á listmun í sýningarsal þann 22.08. 2012,  
gestur rakst utan í listmun/stöpul sem féll á gólf.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 14.03. 2013.
- 2) Bréf vátryggingafélag B til nefndarinnar, dags. 08.04. 2013.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

A, vátryggingartaki, var gestur í sýningarsal M. Hún mun hafa rekist utan stöpul með listmun á þannig að hann féll niður og brotnaði.

M telur að A hafi með saknæmum og ólögætum hætti rekið sig í stöpul þar sem skúlptúr, sem samsettur var úr keramíki og stórum bergkristal stóð á með þeim afleiðingum að hann brotnaði og eyðilagðist. M vísar máli sínu til stuðnings til úrskurðar nefndarinnar í máli 220/2007. Í því tilviki var ekki haft nægjanlegt eftirlit með barni inni í verslun.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða en ekki saknæma eða ólögætta háttsemi. A hafi snúið sér við og rekist á hlutinn, þetta hafi verið hrein óhappatilviljun. Þröngt hafi verið í sýningarsalnum sbr. fyrirliggjandi ljósmyndir.

Óþarft er að geta frekar umfjöllunar M í málskotinu.

**Álit**

Athygli vekur hve litlar upplýsingar eru í gögnum málsins um hvernig staðið var að uppstillingu þeirra muna sem hér um ræðir. Miðað við ljósmyndir virðist hafa verið þröngt í sýningarsalnum sökum fjölda listmuna.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi óhapp þetta til saknæmrar háttsemi A. Hér var um óhappatilvik að ræða sem A ber ekki skaðabótaábyrgð á.

**Niðurstaða.**

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. apríl 2013

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

---

Jón Magnússon hrl.